

## Félagafundur 11.september 2013, kl.20 í Gerðubergi.

Formaður Jóna Th Viðarsdóttir býður fundagesti velkomna og kynnir fundastjóra Magnús Orra Schram.

1. Samkomulag við Íslandsbanka um skuldamál RA ehf. dótturfélags HRFÍ vegna skrifstofu- og félagsaðstöðu í húsnæði félagsins að Síðumúla 15.

Herdís Hallmarsdóttir kynnir málefni Ra ehf fyrir fundagestum.

### **Forsaga**

1996 – 2007 HRFÍ leigði húsnæði í Síðumúla 15 af RA ehf

#### 2007

- HRFÍ keypti RA ehf. sem átti húsnæðið
- Kaupverð var 24,5 milljónir kr.
- HRFÍ tók 20,5 millj. kr. lán sem hvílir á 1. veðrétti
- Ráðist var í endurbætur á húsnæðinu
- RA ehf. tók 12,1 millj. kr. lán sem hvílir á 2. Veðrétti

### **Eignir og skuldir**

- Húsnæðið var metið á 29,5 milljón krónur í nóvember 2012
- 1. veðréttur: Lán HRFÍ hjá Íslandsbanka, upphaflega 20,5 milljónir kr. Nú 27,6 milljónir kr.
- 2. veðréttur: Lán RA ehf. hjá Íslandsbanka, upphaflega 12,1 milljón kr. Nú 10,7 milljón kr.
- Samtals áhvilandi : 38,3 milljón kr.

### **Valkostir**

- Gjaldþrot
- Samkomulag við Íslandsbanka
  - Bankinn fellir niður skuld RA ehf. á 2. veðrétti 8,2 milljónir kr.
  - Framlag félagsmanna 2,5 milljón kr.

### **Greiðslubyrði**

- Afborgun Íslandsbankaláns: 2.640.000 kr. á ári
- Fasteignagjöld 2013: 375.751 kr. á ári
- Vatns- og fráveitugjöld: 128.835 kr. á ári
- Tryggingar 70.000 kr. á ári
- Kostnaður við sameign 146.400 kr. á ári
- Samtals: 3.290.986 kr. á ári
- Greiðslubyrði: **274.249 kr. á mánuði**

### **Framtíðarsýn - ef samkomulag næst**

- *Starfsemi HRFÍ verður áfram í Síðumúla 15*
- *Síðumúli 15 verður leigður út. HRFÍ leigir minna húsnæði fyrir skrifstofu á ódýrara svæði.*
- *Síðumúli 15 verður seldur. Hvenær er best að selja og á hvaða verði?*

Í framhaldinu komu margar fyrirspurnir og umræða frá félagsmönnum, meðal annars um framhaldið. Hvað sér stjórn fyrir sér í framtíðinni, hvernig er leigumarkaðurinn, hefur stjórn skoðað leiguhúsnæði annarsstaðar, þá jafnvel ódýrari.

Fyrirspurn frá Pétri Allan um hvort ekki sé rétt að gera félagið gjaldþrota og jafnframt hvort ekki yrði að skoða eyðslu innan stjórnar, með utanlandsferðum og slíku.

Viktoria Jensdóttir sagðist vera tilbúin að aðstoða við endurskipulagningu fjármála félagsins og tók fram að henni þætti nauðsynlegt að félagið sendi fulltrúa út á fundi til að styrkja erlend sambönd.

Þorsteinn Þorsteinsson óskaði eindregið eftir því að RA yrði felld niður, enda telur hann að þetta rugli félagsmenn

Ræddur var möguleikinn á að halda annan félagafund fljótlega til að ákveða framhaldið í húsnæðismálum, félagsmenn voru allir flestir sammála um að það yrði að gera.

#### ***Tillaga stjórnar HRFÍ borin upp á félagsfund***

*Fundurinn veitir stjórn HRFÍ umboð til að ganga til samninga við Íslandsbanka um skuldauppgjör á skuld sem hvílir á 2. veðrétti fasteignarinnar Síðumúla 15.*

*Samkomulag er um að HRFÍ greiði 2,5 milljón kr. til RA ehf. og að þeirri fjárhæð verði varið til að greiða inn á skuldina gegn því að Íslandsbanki felli niður það sem eftir stendur, eða í dag um 8,2 milljón kr.*

#### **Gengið til atkvæða .**

89 félagsmenn greiddu atkvæði, einn skilaði auðu, 8 sögðu nei, 80 sögðu já. Tillagan var samþykkt.

Tillaga tvö kynnt fyrir félagsmönnum.

#### ***Tillaga stjórnar HRFÍ um fjármögnun 2,5 milljón kr.***

*Fundurinn samþykkir að allir félagsmenn greiði HRFÍ 1.700 kr. þannig að með samstilltu átaki safni félagsmenn 2,5 milljón kr. sem nýttar verða til uppgjörs við Íslandsbanka á skuld RA ehf. gegn niðurfellingu eftirstöðva skuldar RA ehf.*

*Gjalddagi sé 10. október 2013.*

*1.700 kr. gjald verði lagt á árgjald 2014 hjá þeim félagsmönnum sem ekki hafa greitt gjaldið á árinu 2013.*

Þorsteinn Þorbergsson gerði athugasemd við framkvæmd á tillögu 2, hvernig eigi að framkvæma hana og óskaði eftir að síðasti hluti tillögunar yrði felldur niður „1.700 kr. gjald verði lagt á árgjald 2014 hjá þeim félagsmönnum sem ekki hafa greitt gjaldið á árinu 2013“. Sigrún Valdimarsdóttir og Bára Einarsdóttir tóku til máls og voru sammála því að síðasta málsgrein ætti að standa, þar sem hún væri þægilegri fyrir félagsmenn. Gengið var til kosninga með handauppréttingu, breytingatillaga var felld.

Tillagan var samþykkt með handauppréttingu, tveir voru á móti.

## 2. Sámur félagsblað HRFÍ

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að næstu tvö félagsblöð yrði gefnir út sem vefblað til prufu og fór yfir kostnaðinn við prentun og sendingakostnað.

*Sámur í núverandi mynd.*

- Sámur kemur út þrisvar á ári
- Heildarkostnaður við útgáfu Sáms 2012 nam rúmum þremur milljónum króna.
- Auglýsingatekjur 2012 voru rúmar 875 þúsund kr. (án vsk).
- Raunkostnaður vegna útgáfu Sáms 2012 var 2.125.725 kr.

*Sámur á netinu.*

- Áætlaður kostnaður við netútgáfu Sáms er 894.000 kr.
- Áætlaðar auglýsingatekjur eru 875.674 kr.
- Raunkostnaður ætti að lækka í 18.326 kr.
- Sparnaður HRFÍ yrði 2.107.399 kr. á ári
- Stjórn HRFÍ leggur til að útgáfan verði á vefmiðli til reynslu og að málið verði tekið til umfjöllunar og endurskoðunar á næsta aðalfundi HRFÍ.

*Framtíðarsýn.*

- Auknir möguleikar á að bjóða ræktendum auglýsingar á góðum kjörum
- Dæmi um ókeypis kerfi fyrir blaðaútgáfu á netinu:  
<http://joom.ag/CBAX#.UjAscpeTWnJ.mailto>

Heilmiklar umræður sköpuðust, félagsmenn voru flestir sammála um að þeim þyki vænt um blaðið og nokkrir settu sig algjörlega uppá móti þessum breytingum og töldu nauðsynlegt að spara annarsstaðar, margir félagsmenn voru hinsvegar sammála að þetta en gæti verið jákvæð þróun en flestir voru sammála um að það væri nauðsynlegt að það kæmi út eitt veglegt pappírslað á ári, hin yrðu gefin út sem vefrit

### **Tillaga stjórnar HRFÍ.**

*Fundurinn samþykkir að félagsblað HRFÍ, Sámur, verði til reynslu gefið út sem vef tímarit og aðgengilegt á heimasíðu félagsins sem pdf-skjal.*

*Á næsta aðalfundi HRFÍ verði útgáfuform blaðsins aftur til umfjöllunar og ákvörðun þar að lútandi borin undir atkvæði félagsmanna.*

Gengið var til kosninga með handauppréttingu, 54 voru með en 8 á móti. Tillagan var því samþykkt.

## **Önnur mál.**

Tillaga frá Sigrúnu Valdimarsdóttir

„Félagsfundur HRFI 11.sept 2013 samþykkir að húsnæði HRFI verði sett á söluskra um leið og búið er að ganga frá þeim samningum við Íslandsbanka sem fundurinn samþykkti“

Tillagan var felld með 18 atkvæðum gegn 40.

Tillaga frá Jónu Th Viðarasdóttir

„Ég geri það að tillögu minni að á næsta aðalfundi félagsins geri stjórn HRFI grein fyrir möguleikum í húsnæðismálum félagsins. „

Tillagan var samþykkt einróma.

**Fundi slitið um kl.22.00**